

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 114/1958. **Ákærvaldið**
 gegn
Lon Midkiff.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kært ákvæði héraðsdóms um réttarfars sekt.

Dómur Hæstaréttar:

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Stefán Guðjohnsen héraðsdómslögmaður hefur með kæru 28. maí 1958, er hingað barst 9. ágúst s.l., kært til Hæstaréttar ákvæði í dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar um réttarfars sekt, sem honum var gert að greiða. Hann krefst þess, að sektarákvæðið verði fellt niður og honum endurgreiddur kostnaður af kærumálinu.

Ummæli þau í varnarskjali í héraði um héraðsdómarann, sem kæranda er dæmd sekt fyrir, eru mjög meiðandi fyrir dómara og hafa ekki verið réttlætt. Er sektin fyrir þau engan veginn of hátt ákveðin. Verður kærinni því ekki sinnt.

Dómsorð:

Hið kærða dómsákvæði á að vera óraskað.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1958.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Lon Midkiff varnarliðsmanni, Keflavíkurflugvelli, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, dagsettu 16. apríl s.l., fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, með því að aka bifreiðinni VL-E-608 eftir vegum Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis föstudaginn 14. marz 1958 um kl. 21.00, til vara fyrir að aka nefndri bifreið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika sökum undanfarinnar neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna.

Ákæríst því nefndur Lon Midkiff til refsingar samkvæmt 45. gr. áfengisлага og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga 6/1951, til ökuleyfisssviptingar samkvæmt 24. gr. áfengisлага og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 26. apríl 1930 í West-Virginia, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur ekki, svo kunnugt sé, áður sætt kærum né refsingum hér á landi.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 14. marz s.l. kl. 21.00 kom bifreiðin VL-E-608 í aðalhlið Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallarsvæðinu og var ökumaður ákærði í máli þessu. Er ákærði var að opna farangursgeymslu bifreiðarinnar þarna í hliðinu vegna tollleitar, kveðast lögrglumenn, sem þar voru, hafa veitt því athygli, að hann riðaði á fótum. Ákærði var nú nánar athugaður, þar sem grunur lá á, að hann gæti verið með áfengisáhrifum. Er ákærði hafði verið fluttur til læknis til blóðtöku vegna alkóhólrannsóknar, þá neitaði ákærði henni.

Ákærði hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi neytt tveggja glasa af vínblöndu um kl. 18.00 umræddan dag. Annars áfengis kveðst ákærði ekki hafa neytt umræddan dag. Um kl. 21.00 kveðst hann hafa ekið í bifreiðinni VL-E 608 og ætlað að niður í Njarðvík, en í flugvallarhliðinu verið stöðvaður og grunaður um ölvun við akstur. Þá kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa af nefndri drykkju og verið vel upplagður, er hann ók umrætt sinn.

Vitnið Ingvi Brynjar Jakobsson varðstjóri talaði við ákærða í flugvallarhliðinu umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa fundið greinilega áfengislykt af vitum hans, málfar hans hafi verið drafandi og göngulag nokkuð riðandi. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir greinilegum áfengisáhrifum umrætt sinn.

Vitnið Sigurgeir Þorvaldsson lögregluþjónn var á verði í aðalhliði Keflavíkurflugvallar, er ákærði kom þangað akandi í nefndri bifreið umrætt sinn. Vitnið, sem var inni í varðskúrnum, sá, er ákærði var að opna farangursgeymsluna. Vitnið fannst ákærði óstöðugur og kallaði því í vitnið Ingva Brynjar og bað það að athuga málið nánar með sér, sem það og gerði ásamt vitninu. Vitnið fann greinilegan vínþef af vitum ákærða og málfar hans var nokkuð drafandi. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn.

Bæði þessi vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Willis Edward Anderson, læknir í varnarliðinu, hafði tal af ákærða kl. 21.30 umrætt sinn. Vitnið kveðst ekki vera viss

um, hvort áfengislykt hafi verið af honum þá, en segir, að hann (ákærði) hafi verið lítið eitt óviss í hreyfingum og málfar hans lítið eitt hægt. Þá kveðst vitnið ekki þekkja ákærða og því geti þessi einkenni verið eðlileg, hvað hann snerti. Sérlega aðspurt segir vitnið, að það vilji ekki kveða fastar á um ástand ákærða umrætt sinn en það, að hann hafi neytt áfengis áður en hann kom til sín, annaðhvort lítið stuttu áður eða nokkru meira og þá lengra liðið á milli.

Með framburði vitnanna Ingva Brynjars og Sigurgeirs, sem bæði hafa unnið eið að framburðum sínum, svo og með hliðsjón af framburði vitnisins Andersons, sem hafði afskipti af ákærða um hálfri klukkustundu eftir handtöku hans, þrátt fyrir neitun ákærða sjálfs, þykir sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni VL-E 608 að aðalhliði Keflavíkurflugvallar föstudaginn 14. marz 1958 um kl. 21.00 og þar með brotið þau ákvæði laga, sem í aðalkæru greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði frá sama tíma.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna M. Jónssonar, kr. 600.00.

Í skriflegri vörn sinni hefur lögmaður ákærða, Stefán Guðjohnsen hdl. viðhaft mjög ósæmileg og hneykslanleg ummæli um rannsóknardómarann og embættið, m. a. svofelld: „yfirheyrsla skjólst. m. tekur heilar 8 línur vélritaðar. Hvernig má það eiginlega vera, að það líðist, að hlaupið sé á þvílíku hundavaði, liggur mér við að segja, yfir mál, sem, ef sakfelld er, hafa jafnmikla réttindaskerðingu í för með sér“. „Þá er annað atriði, sem ég fæ ekki skilið, hvernig hinn virðulegi rannsóknardómari getur fengið af sér, en það er beinlínis að stinga málsskjali undir stól ... þessa skjals er getið í lögregluskýrslunni, en kemur síðan alls ekki fram í málinu ... en því miður er þetta ekki eindæmi hjá því virðulega embætti, sem fjallar um þetta mál“. „Manni verður ósjálfrátt að spyrja, hvort sakborningur sé fyrirfram dæmdur sekur og ekki talið ómaksins vert að láta koma fram það, sem ef til vill gæti orðið honum til málsbóta. Slík meðferð opinbers

máls er að sjálfsögðu með öllu ófær og ekki sæmandi löglærðum rannsóknardómara að láta frá sér fara“.

Ber því samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála að dæma hann í 500.00 króna sekt til ríkissjóðs vegna ummæla þessara.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Lon Midkiff jr., greiði 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma er ákærði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Árna M. Jónssonar, kr. 600.00.

Stefán Guðjohnsen hdl. greiði kr. 500.00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 30/1958. **Kristinn Indriðason** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn

Oddi Jónssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

Dómdendur:

hæstaréttardómaramenn Árne Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Mál til heimtu kostnaðar af yfirmatsgerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1958. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7096.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 28.392.00 frá 14. marz 1956 til 22.